



FRÉTTABRÉF TIL FORRÁÐAMANNA Í GLERÁRSKÓLA

Glerárskóli Akureyri

Nóvember 2015



30. október 2015

4. tbl. 5. árg

Komið þið sæl

Þótt ótrúlegt megi virðast er nóvember að renna upp á þessu ágæta skólaári 2015 - 2016. Októbermánuður var góður og margt sem dreif á dagana í skólanum. Má þar nefna haustfrí og viðtalsdaga sem voru nú undir lok mánaðarins. Útivist var mikil og einnig var lögð áhersla á læsi, lestur og að efla hreyfingu og útivist nemenda.

Í nóvember eru það þemadagar sem trjóna á toppnum en skipulagning vegna þeirra er á fullri siglingu. Að þessu sinni verður skólanum skipt eftir stigum í hópá og munum við hafa að leiðarljósi verkefnið okkar í Erasmus+ „**United We Play, United We Win**”. Það verður því mikið að gera hjá nemendum við að undirbúa þetta mikilvæga verkefni sem við erum þátttakendur að næstu tvö skólaár.

Allt sem varðar skipulagið verður sent í sér tölvupósti þegar nær dregur en þemadagarnir eru þriðjudaginn og miðvikudaginn, 17. og 18. nóvember næstkomandi.

Skólastarfið heldur áfram að blómstra í Glerárskóla og áherslurnar okkar eru sem áður á læsi, umhverfismál, jákvæðan aga og árangur í námi. Vinna við endurskoðun skólanámskrár er stöðug og eins og flestir vita er mikið rætt og hugað að nýju námsmati sem kemur með nýrri aðalnámskrá. Glerárskóli er engin undantekning og vinna kennarar ötullega að því að kynna sér málin og velta fyrir sér hvernig skólinn getur komið til móts við breyttar áherslur svo nemendur njóti góðs af. Þessi vinna er umfangsmikil og gerist ekki á einum degi, því verðum við að vera þolinmóð og sýna því skilning að skólastarfið er í stanslausri þróun.

Samvinna skóla og heimilis er gríðarlega mikilvæg þegar verið er að móta og efla starfshætti skóla og því er aldrei of oft ítrekað hversu gott er að eiga gefandi samstarf við heimilin. Stöndum vörð um krakkana okkar í öllu sem þau taka sér fyrir hendur, verum ákveðin og blíð og gerum kröfur um að þau standi sig vel í skólanum svo þau nái sem allra bestum árangri.

Við minnum svo á að skólinn er alltaf opinn forráðamönnum til að kíkja í heimsókn.

Kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Efnisyfirlit:

Nóvember 2015	1
Forritarar framtiðarinnar	2
Matarsóun	2
Baráttudagur gegn einelti	2
Umferðin	2
Grófin	3
Leikhús/tónleikar	3
Aðgengi að lífinu	3
Framhaldsskólar	3
Nóv/Des	3
Jólafondur	4
Vinaliðar	4
Morgunkaffi	4
Mynd augna- blikksins	4

Til íhugunar:

- SAMVINNA
- GLEÐI
- ÁBYRGÐ
- UMHVERFIÐ OKKAR

Forritarar framtíðarinnar - styrkur

Í vor sendi Glerárskóli inn umsókn um styrk í sjóðinn Forritarar framtíðarinnar. Þau gleðitíðindi bárust nú á haustdögum að skólinn hefði fengið styrk upp á 410.661 krónu til að fræða kennara um forritun og hvernig hægt er að nýta hana í almennu námi.

Í framhaldinu fer hópur kennara á námskeið og fær aðstoð við að nýta þekkinguna í kennslustofunni. Við þökkum Forriturum framtíðarinnar hjartanlega fyrir okkur.

Baráttan gegn matarsóun - hefst formlega 11. nóvember 2015

Þann 11. nóvember n.k. hefst formlega samnorrænt átak gegn matarsóun. Eins og áður hefur komið fram er Glerárskóli leiðtogaskóli í verkefninu og því munum við reyna að efla okkur í þessari baráttu.

Umhverfisnefndin okkar heldur utan um verkefnið og hafa nemendur og starfsfólk nefndarinnar fengið kynningu á málefninu en auk þess hafa allir starfsmenn skólans fengið kynningu. Í framhaldinu fá allir nemendur kynningu á verkefninu og síðan höldum við af stað með það leiðarljós að matarsóun okkar, í Glerárskóla og skólaumhverfi hans, verði sem allra minnst.

Gott er að geta þess að matarsóun er þriðji stærsti mengunarvaldur í heimi og að ef við náum að minnka matarsóun um 1/4 samsvarar það því að brauðfæða 870 milljónir manna í heiminum.

Það er því til mikils að vinna og vonum við, forráðamenn góðir, að þið styðjið við bakið á okkur í þessu mikilvæga verkefni.

Baráttudagur gegn einelti - föðmum skólann

Í næstu viku, nánar tiltekið sunnudaginn 8. nóvember n.k., er alþjóðlegur dagur gegn einelti. Glerárskóli hefur um árabil tekið þátt í þessum degi með því að mynda vinakeðju utan um skólann.

Þar sem dagurinn lendir að þessu sinni á sunnudegi munum við faðma skólann okkar **föstudaginn 6. nóvember um kl. 9:20** og væri gaman að sjá sem flesta forráðamenn koma og aðstoða okkur við að mynda keðjuna svo við náum utan um skólann okkar.

Hjálpumst að og tókum þátt í baráttunni gegn einelti.

**VERUM VAKANDI Í UMFERÐINNI OG BRÝNUM FYRIR BÖRNUNUM
OKKAR AÐ VERA VARKÁR OG NÝTA GANGSTÉTTAR OG
GANGBRAUTIR Á LEIÐ Í OG ÚR SKÓLA**



ENDURSKINSMERKI

Kæru forráðamenn!

Við viljum minna ykkur á að merkja börnin ykkar vel og vandlega með endurskinsmerkjum nú þegar farið er að dimma og svartasta skammdegið gengur í garð.



Grófin - geðverndarsamtök

Í október komu starfsmenn frá Grófinni - geðverndar-samtökum og héldu fyrirlestur fyrir starfsfólk um kvíða, geðhvörf og þunglyndi. Fyrirlesturinn var afar góður í alla staði og margt sem við í skólanum lærðum og getum nýtt í starfinu okkar.

9. bekkur fékk síðan fulltrúana í heimsókn stuttu síðar og tókst sú heimsókn afar vel. Nemendur voru áhugasamir og hjá þeim vöknúðu margar spurningar sem tengdust málefnum. Í framhaldinu er gaman að geta þess að bekkjarráð 9. bekkjar hefur hugsað sér að fá áframhaldandi fræðslu um málið fyrir forráðamenn.

Við þökkum Grófinni fyrir okkur.

Leikhús -og tónleikaferð

Menningarfélag Akureyrar hefur ákveðið að bjóða nemendum í 2. - 4. bekk í leikhús núna fyrir jólin að sjá leikverkið Grýlu.

Einnig hefur verið ákveðið að bjóða 1. bekkjum og síðasta ári leikskólans á tónleika í Hofi eftir áramótin.

Gleðifréttir og nánari upplýsingar koma síðar.

Aðgengi að lífinu

Miðvikudaginn 4. nóvember n.k. taka nemendur í 10. bekk þátt í verkefninu „Aðgengi að lífinu”.

Verkefnið snýst um að kynna nemendum hvernig er að vera fatlaður í því samfélagi sem við byggjum. Þetta er í annað sinn sem nemendur í Glerárskóla taka þátt og hefur verkefnið gengið afar vel.

Heimsókn í framhaldsskólana

10. bekkur heldur í heimsókn í framhaldsskólana í næstu viku sem hér segir:

VMA -
Þriðjudaginn 3. nóvember

MA -
Föstudaginn 6. nóvember

Helstu viðburðir í nóvember og desember 2015

Mánudagurinn 16. nóvember: Dagur íslenskrar tungu

Þriðjudagurinn 17. nóvember: Þemadagur

Miðvikudagurinn 18. nóvember: Þemadagur og ljótufatadagur

Laugardagur 28. nóvember: Jólaföndur foreldrafélags Glerárskóla

Föstudagurinn 4. desember: Glerárvision og sparifatadagur

Miðvikudagur 16. desember: Rugludagur

Fimmtudagur 17. desember: Litlu jól 7. - 10. bekkjar

Föstudagur 18. desember: Litlu jól 1. - 6. bekkjar

Glerárskóli, v/Höfðahlíð,
600 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin virka daga frá
kl. 7:45—15:00 (föstud. til kl. 14:00) en í
fríum nemenda er hún opin frá kl.
10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er:
glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:

Glerárskóli

Jólafondur foreldrafélagsins



Jólafondur foreldrafélagsins verður haldið **laugardaginn 28. nóvember** n.k. frá kl. 10:00 - 13:00. Við hvetjum alla til að taka daginn frá en nánari upplýsingar koma síðar í tölvuósti.

VINALIÐAR GLERÁRSKÓLA

Miðvikudaginn 11. nóvember n.k. fara vinaliðar Glerárskóla af unglingastigi á námskeið í íþróttahúsinu okkar. Fulltrúar frá Árskóla á Sauðarkróki koma og halda námskeiðið en einnig koma krakkar að vestan til að vera með. Árskóli er móðurskóli Vinaliðaverkefnisins og gaman að fá þessa snillinga í heimsókn þar sem við getum lært mikið af þeim um verkefnið.

MORGUNKAFFI MEÐ STJÓRNENDUM

Við minnum á morgunkaffi með stjórnendum sem er óformlegt spjall um skólamál og allt sem því viðkemur en hefur ekki formfasta dagskrá. Staðsetning er kaffistofa starfsmanna frá kl. **8:15 - 8:45** á morgnanna og er boðið upp á kaffi/te/vatn/mjólk og eitthvert lítilræði. Skipulag morgunspjallsins verður eftirfarandi, með fyrirvara um breytingar. Hlökkum til að sjá ykkur.

Miðvikudagur 11. nóvember: **1. bekkur**
Föstudagur 13. nóvember: **9. bekkur**

Miðvikudagur 25. nóvember: **8. bekkur**
Föstudagur 27. nóvember: **6. bekkur**

Miðvikudagur 17. febrúar: **5. bekkur**
Föstudagur 19. febrúar: **3. bekkur**

Miðvikudagur 2. mars: **2. bekkur**
Föstudagur 4. mars: **10. bekkur**

Mynd augnabliksins!



Norræna skólahlaupið 2015 - Af stað!